

Vélskóflur	20%
Vörulyftur	8%
Önnur mannvirkjagerðar- og vöruflutningatæki	15%
7. Skip og skipsbúnaður:	
Farþegaskip úr stáli með vél	8%
Fiskiskip úr stáli með vél	12%
Mótorvélar í fiskiskip	20%
Opnir bátar	15%
Skip úr eik án vélar	12%
Skip úr furu án vélar	15%
Tankskip með vél	10%
Vöruflutningaskip úr stáli með vél	8%
Önnur skip úr stáli með vél	12%
Kraftblokkir	20%
Siglinga- og fiskileitartæki	20%
8. Ýmsar vélar og tæki:	
Fjölrítarar og áhöld til fjölrítunar	12%
Fólkslyftur	6%
Hárgreiðslu- og rakarastofutæki	15%
Hótel-innbú (annað en borðbúnaður)	10%
Kvikmyndasýningarvélar	10%
Ljósmyndataeki	15%
Lækningatæki og rannsóknartæki lækna	10%
Rannsóknartæki og vélar	18%
Skrifstofuvélar og áhöld	12%
Skýrslugerðarvélar	15%
Þvottahúsa- og efnalaugavélar	12%

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 90 7. október 1965, öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignar-skatts fyrir skattárið 1965.

Fjármálaráðuneytið, 10. marz 1966.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum,
sem aka um Reykjanesbraut.

1. gr.

Af hverju ökutæki, sem ekur um Reykjanesbraut, fram hjá gjaldstöð nálægt bænum Straumi sunnan við Hafnarfjörð, skal greiða umferðargjald, miðað við báðar leiðir, sem hér segir:

I. flokkur:

Fólksbifreiðar að og með 1100 kg eigin þunga og sendiferðabifreiðar, að og með 450 kg að burðarmagni kr. 40.00

- II. flokkur:
Fólksbifreiðar yfir 1100 kg eigin þunga, sendiferðabifreiðar yfir 450 kg að burðarmagni og vörubifreiðar að og með 1500 kg að burðarmagni kr. 50.00
- III. flokkur:
Vörubifreiðar með burðarmagni yfir 1.5 tonn að og með 5 tonn, fólksbifreiðar yfir 8—20 farþega — 100.00
- IV. flokkur:
Vörubifreiðar með yfir 5 tonna burðarmagn, kranabifreiðar og fólksbifreiðar fyrir fleiri en 20 farþega — 135.00
- V. Vörubifreiðar með yfir 5 tonna burðarmagn og tengivagni og dráttar-bifreiðar með festivagn — 200.00
- Önnur ökutæki en bifreiðar greiði:
Eigin þungi 1—3 tonn, samkvæmt II. fl.
Eigin þungi 3—6 tonn, samkvæmt III. flokki.
Eigin þungi yfir 6 tonn, samkvæmt IV. fl.

2. gr.

Umferðargjald samkv. 1. gr. skal innheimt af Vegagerð ríkisins í gjaldstöð ná- lægt bænum Straumi, sunnan við Hafnarfjörð, af öllum ökutækjum á suðurleið.

3. gr.

Undanþegnar greiðslu umferðargjalds eru eftirlitsbifreiðar lögreglunnar, sjúkra- bifreiðar og slökkvibifreiðar.

Heimilt er að veita afslátt á umferðargjaldi, samkvæmt nánari ákvörðun ráð- herra, ef keyptir eru 25 gjaldseðlar eða fleiri í einu.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggja við að lögum.

5. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 1966.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 202, 18. október 1965, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 95. gr. vegalaga nr. 11 30. desember 1963, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 23. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.